

## 011/01 - Aðalbjörg RE 5

Aðalbjörgu RE-5, skipverji slasast á hendi í netarúllu

### Aðalbjörg RE 5

**Skipaskr.nr.:** 1755

**Smíðaður:** Seyðisfirði 1987 stál

**Stærð:** 59,00 brl; 68,00 bt

**Lengd:** 21,99 m **Breidd:** 5,60 m **Dýpt:** 2,70 m

**Vél:** Caterpillar 335,00 kW **Ágerð:** 1997

**Annað:**

**Földi skipverja:** 7



Aðalbjörg©Hafþór Hreiðarsson

### Atvikalýsing

Hinn 14. febrúar 2001 var mb. Aðalbjörg RE-5 að netaveiðum í Faxaflóa. Veður: SV 12-14 m/sek. og hvassari í éljum.

Þegar verið var að draga netin um kl. 12:50, var skipverji að störfum á rúllunni og var nýbúinn að taka snúning af teinunum. Var hann að undirbúa að gogga í fisk sem hékk illa í netinu og var því með hægri höndina útfyrir og ætlað hann að fara að leggja sig niður.

Skyndilega varð hann þess var að netið eða riðillinn sem flaksaðist, misjafnlega mikið rifinn, aftur með síðunni undan stífum vindu vafðist og flæktist utan um handlegg hans um olnboga. Skipti engum togum að höndin dróst í átt að rúllunni og var hann kominn undir teininn á aftara keflinu þegar skipstjórinn sló út spilkerfinu með stjórntækjum í brú.

### Við rannsókn kom fram

- að rúllumaðurinn kvaðst hafa kallaði til manna á þilfarinu um að slá út spilinu, en þeir ekki brugðist við;
- að afdráttarmaðurinn, sem var óvanur þeim störfum, hafði öll stjórntæki spilkerfisins innan seilingar og sennilega ekki áttað sig á útslættinum;
- að rúllumaðurinn hafði ekki gengt þessu starfi á þessu skipi.

### Nefndarálit

Nefndin ályktar ekki í þessu máli.